

Nr.

REGLUGERÐ

**um ráðstöfun leiguþúða skv. 37. gr. laga um húsnaðismál,
nr. 44/1998, með síðari breytingum.**

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um ráðstöfun leiguþúða sem veitt var lán til fyrir 10. júní 2016 á grundvelli þágildandi 1. mgr. 37. gr. laga um húsnaðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, og eingöngu eru ætlaðar tilgreindum hópi leigjenda sem eru undir tekju- og eignamörkum skv. 1. og 2. mgr. 37. gr. laganna.

2. gr.

Árstekjur leigjenda.

Árstekjur leigjenda samkvæmt reglugerð þessari skulu ekki nema hærri fjárhæð en 5.731.000 kr. fyrir hvern einstakling en 8.025.000 kr. fyrir hjón og sambúðarfólk. Við þá fjárhæð bætast 1.433.000 kr. fyrir hvert barn eða ungmenni að 20 ára aldri sem býr á heimilinu.

Með tekjum er í reglugerð þessari átt við allar tekjur skv. II. kafla laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtíali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3., 4. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr. sömu laga.

3. gr.

Heildareign leigjenda.

Samanlögð heildareign leigjenda íbúða samkvæmt reglugerð þessari að frádregnum heildarskulduum við upphaf leigu, með vísan til 72.–75. gr. laga um tekjuskatt samkvæmt skattframtíali síðasta árs, staðfestu af ríkisskattstjóra, skal ekki nema hærri fjárhæð en 6.186.000 kr.

4. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 3. mgr. 37. gr. og 50. gr. laga um húsnaðismál, nr. 44/1998, öðlast gildi 1. janúar 2021.

Félagsmálaráðuneytinu 21. desember 2020.



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra.



Gunnhildur Gunnarsdóttir.